



MAT Á ÁHRIFUM FRAMKVÆMDA Á LANDSLAG

Ólafur Árnason

Bakgrunnur

Reynslan hefur sýnt að í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda eru áhrif á landslag og sjónræna þætti gjarnan veigamikill og oft umdeildur þáttur í umfjöllun um umhverfisáhrif framkvæmda. Því er mikilvægt að unnið sé eftir skýrum verkferlum við mat á áhrifum framkvæmda á landslag, eins og við mat á öðrum umhverfisþáttum.

Aðferðir og áherslur við mat á áhrifum á landslag og sjónræna þætti hafa hins vegar verið margar og mismunandi og engin ein aðferð hefur hlotið almenna útbreiðslu. Síðla árs 2004 réðst Línuhönnun, í samstarfi við Vegagerðina, Landsvirkjun og Landsnet, í rannsóknarvinnu við að taka saman aðferðir við mat á gildi landslags. Lögð var áhersla á aðferðir við mat á áhrifum framkvæmda og áætlana á landslag og sjónræna þætti.

Í febrúar 2005 gaf Línuhönnun út skýrsluna *Aðferðir við mat á landslagi*. Í henni eru teknar saman upplýsingar frá þrettán löndum og ellefu mismunandi aðferðum lýst. Í verkefninu fólst einnig að taka saman niðurstöður faghóps sem fjallaði um notagildi þeirra aðferða sem lýst var, m.t.t. íslenskra aðstæðna. Að hópnum komu fulltrúar Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Vegagerðar, Landsvirkjunar og aðilar frá Háskóla Íslands. Niðurstöður þessa verkefnis hafa reynst dýrmætt veganesti.

Markmið

Í framhaldi af þeirri rannsókn sem greint er frá hér að ofan var ákveðið að ráðast í framhaldsverkefni: *Þróun aðferðar við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda*. Þetta verkefni er umfangsmeira og bættust fleiri samstarfsaðilar í hópinn, þ.e. Orkuveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja og Orkusjóður.

Tilgangur verkefnisins er að prófa formfasta og gagnsæja aðferðafræði við mat áhrifum framkvæmda á landslag. Eftirfarandi undirmarkmið voru skilgreind til að ná þessu markmiði:

- Að aðlaga aðferðir við mat á áhrifum framkvæmda á landslag að íslenskum aðstæðum. Aðferðirnar sem um er að ræða byggja annars vegar á breskri aðferð við flokkun og greiningu landslags og hins vegar á bandarískri aðferð.
- Að prófa með samanburðarrannsókn hversu hentugar þessar aðferðir eru við íslenskar aðstæður. Er þar báðum aðferðum beitt við mat á landslagsáhrifum línulegrar framkvæmdar um hálendissvæði. Hluti af rannsókninni fólst í að skilgreina slíkt svæði.
- Reynslan úr prófuninni verður nýtt til að endurbæta aðferðina ef með þarf og að lokum skrifuð lýsing á aðferðinni.

Framkvæmd

Stofnaður var stýrihópur um verkefnið. Ásamt sérfræðingum Línuhönnunar sitja í honum fulltrúar þeirra aðila sem taka þátt í verkefninu og fulltrúi frá Félagi Íslenskra Landslagsarkitekta. Hlutverk hópsins var að ákveða rannsóknarsvæði og að rýna útkomu verksins á ákveðnum stigum þess.

Verkefninu er skipt í fjögur stig. Fyrsta skrefið er samanburðarrannsókn. Tvær aðferðir við mat á áhrifum framkvæmda á landslag, sem lýst var í fyrri skýrslu



Línuhönnun
verkfræðistofa

...á vili gæðna verða

Línuhönnun, eru aðlagðar íslenskum aðstæðum og prófaðar. Við prófun á aðferðunum var ákveðið að skoða hugmyndir um legu háspennulínu yfir Sprengisand. Auk samanburðar á verkferlum tekur þessi hluti einnig til þess að skoða tæknilega möguleika við að lýsa sjónrænum áhrifum, s.s. að nota þrívíddarlíkön, sýnileikakort og myndræna framsetningu. Annar hluti framkvæmdarinnar fólst í að skoða með hvaða hætti er hægt að innifela samráð við könnun á gildi landslags. Þriðja skrefið er að skoða kosti og galla hvorrar aðferðar fyrir sig m.t.t. niðurstaðna samanburðarrannsóknarinnar. Fjórtða og síðasta skrefið felst í að lýsa því verklagi sem best er talið henta hér á landi.

Rannsóknarvinnan, aðlögun og samanburður þeirra aðferða sem til umfjöllunar eru, hafa dregið fram í dagsljósið ýmsa þætti sem krafist hafa frekari yfirlegu. Má þar nefna breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum sem tóku gildi haustið 2005. Nauðsynlegt þótti að taka mið af þeim áherslum sem birtast í lögnum og í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið og vægi umhverfisáhrifa sem gefin voru út í kjölfar gildistöku nýrra laga. Jafnframt þótti mikilvægt að taka mið af þeirri vinnu og aðferðaþróun sem fram hefur farið við gerð Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Mikilvægt þótti að endurskoða aðferðir m.t.t þessara þátta. Eftir þessa endurskoðun var ráðist í samanburð aðferðanna og er úrvinnsla þess hluta á lokastigi.

Niðurstöður

Þess er vænst að ávinningur verkefnisins felst í skýrari ramma um verkferli við mat á áhrifum framkvæmda á landslag og sjónræna þætti. Með aðferðafræðinni fást jafnframt ný viðhorf þegar kemur að áherslum við slíkt mat og þá í takt við þær áherslur sem fram koma í Evrópska landslagssáttmálanum. Þar er áhersla lögð á skynjun landslags sem menningar- og félagslegs fyrirbæris, ekki síður en náttúrulegs, og á samráð við mat á gildi landslags.



Línuhönnun
verkfræðistofa

...á vil gæðna verða